

290. fundur Skólanefndar FS

15. apríl 2008



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur P. Guðnason, Páll Ingólfsson, áheyrnarfulltrúinn Guðmundur Viktorsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan í kennaramálum.
 2. Nýjar námsleiðir.
 3. Lok vorannar.
 4. Önnur mál.

1. Staðan í kennaramálum.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi kennararáðningar. Auglýsa þarf nokkrar stöður. Innanhúss verður auglýst eftir fagstjórum í nokkrum greinum og verkefnastjórum. Búið er að auglýsa eftir verkefnastjórum til að hafa umsjón með nemendum á almennri braut og sjá um starfsnám í fornámi.

2. Nýjar námsleiðir.

Skólameistari sagði frá undirbúningi nýrra námsbrauta í fornámi og á almennri braut. Verið er að ganga frá kynningarbæklingi sem sendur verður nemendum 10. bekkja grunnskóla á svæðinu.

3. Lok vorannar.

Próf verða 2.-16. maí, einkunnir verða afhentar 20. maí og útskrift verður laugardaginn 20. maí. Reiknað er með að um 80 nemendur útskrifist að þessu sinni.

4. Önnur mál.

- a) Starfsfólk allra grunnskóla á Suðurnesjum er boðið í heimsókn í skólann 23. apríl. Jóhann Ingi Gunnarsson flytur þar fyrilestur um vinnusálfræði og gestum verður síðan boðið að skoða skólann og þiggja veitingar.
- b) Skólameistari sagði frá því að SSS hefur boðað til fundar 28. apríl til að ræða framhaldsskólamenntun á Suðurnesjum.

c) Mánudaginn 21. apríl koma 40 finnskir nemendur ásamt kennurum í heimsókn í skólann.

d) Ráðstefna um snurvoðaveiðar verður haldin í skólanum 28.-29. maí. Fjöldi erlendra gesta sækir ráðstefnuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari